

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 954/2013 um þrávirk lífræn efni.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast sex nýir staflíðir, svohljóðandi:

- n) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1011-1043.
- Þrátt fyrir 1. másl. öðlast EES-gerðin gildi hér á landi með eftirfarandi viðbótum:
4. másl. 2. mgr. 4. gr., 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar gilda ekki hér á landi.
 - Á eftir orðunum „þrjú ár“ í 2. másl. 1. mgr. 13. gr. kemur: eða með öðru árabili ákveðnu af aðildarríkjaþingi Stokkhólmssammingsins.
- o) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/784 frá 8. apríl 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á perflúoróoktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnasamböndum, sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1044-1048.
- p) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1203 frá 9. júní 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar færsluna fyrir perflúoróoktansúlfónsýru og afleiður hennar (PFOS), sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1049-1051.
- q) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1204 frá 9. júní 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á díkófóli, sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1052-1054.
- r) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/277 frá 16. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 um þrávirk lífræn mengunarefni að því er varðar pentaklórofenól og sölt þess og estera, sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1055-1057.
- s) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/115 frá 27. nóvember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar perflúoróoktansýru (PFOA), sölt hennar og skyld efnasambönd, sem vísað er til í tl. 12w, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021, þann 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 1058-1060.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/784 frá 8. apríl 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á perflúoróoktansýru (PFOA), söltum hennar og skyldum efnasamböndum.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1203 frá 9. júní 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar færsluna fyrir perflúoróoktansúlfónsýru og afleiður hennar (PFOS).
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1204 frá 9. júní 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á díkófóli.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/277 frá 16. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 um þrávirk lífræn mengunarefni að því er varðar pentaklórofenól og sölt þess og estera.
6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/115 frá 27. nóvember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar perflúoróoktansýru (PFOA).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. maí 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigríður Auður Arnardóttir.